

Sýningar

Argentína, steikhús

Barónsstíg 11a

Jóhann G. Jóhannsson sýnir rúmlega tuttugu myndir, unnar með blandaðri tækni. Sýningin stendur til 23. nóvember.

Ásmundarsafn

Sigtúni

Þar stendur yfir sýning sem ber yfirskriftina „Stíllinn í list Ásmundar Sveinssonar“. Sýningin er opin kl. 10-16.

Ásmundarsalur

Freyjugötu 41

Árni Ingólfsson sýnir fristandandi verk og myndir á veggjum, unnin sérstaklega fyrir staðinn. Sýningin stendur til 29. október.

Gallerí Art-Hún

Stangarhyl 7, Rvík

Þar stendur yfir sýning á verkum Erlu Axeldóttur, Helgu Ármannsdóttur, Elinborgar Guðmundsdóttur, Sigrúnar Gunnarsdóttur og Margrétar Salome. Galleríð er opið alla virka daga kl. 12-18.

Gallerí Fold

Laugavegi 118 d

Opið daglega kl. 10-18 nema sunnudaga kl. 14-18.

Gallerí Greip

Á laugardag kl. 14 verður opnuð sýning á verkum Birgis Snæbjarnar Birgissonar. Sýningin stendur til 5. nóvember og er opin kl. 14-18 alla daga nema mánudaga.

Gallerí Guðmundar

Ánanaustum 15, sími 21425

Galleríð er opið virka daga kl. 10-18.

Gallerí List

Skipholti 50b

Galleríð er opið alla daga kl. 11-18 nema laugardaga kl. 11-14. Sýningar í gluggum á hverju kvöldi.

Gallerí Ríkey

Hverfisgötu 59

Sýning á verkum Ríkeyjar. Opið kl. 13-18 virka daga en laugardaga og sunnudaga kl. 13-16.

Gallerí Stöðlakot

Bókhöfundastíg 6

Á morgun opnar Helga Jóhannesdóttir leirlistarkona sýningu sem hún nefnir „Ljós“ en listakonan teflir saman leir, málm, textíl og gleri. Sýningin er opin alla daga kl. 13-18 til 5. nóvember.

Gallerí Sævars Karls

Bankastræti 9

Árni Ingólfsson sýnir. Opið virka daga kl. 10-18.

Gallerí Úmbrá

Um helgina lýkur sýningu Þorsteins J á Litabókinni. Sýningin er opin kl. 14-18 föstudag, laugardag og sunnudag.

Gerðarsafn

Á morgun kl. 16 opnar Kees Ballintijn sýningu á silkiprykksmyndum, unnum eftir ljósmyndum af íslensku landslagi.

Hafnarborg

Á morgun opnar Guðjón Bjarnason sýningu á málverkum. Sýningarsalur Hafnarborgar eru opnir alla daga nema þriðjudaga kl. 12-18, en á fimmtudögum er opið til kl. 21. Inga Rós Loftsdóttir opnar sýningu í Sverrissal á morgun. Á sýningunni verða olíumálverk og blýantsteikningar. Sýningin stendur til 6. nóvember.

Kaffi Milánó

Faxafeni 11

Guðbjörg Hákonssdóttir (Gugga) sýnir verk sín. Opið mánud. kl. 9-19, þriðjud., miðvikud. og fimmtud. kl. 9-23.30, föstud. kl. 9-1 og laugard. kl. 9-18.

Kjarvalsstaðir

Á morgun verður opnuð í vestursal Kjarvalsstaða sýning á íslenskrí samtímalist sem ber yfirskriftina Eins konar hversdagsrómantik. 16 listamenn sýna. Þá verður opnuð í miðrymi og forsöl-



Á Kjarvalsstöðum eru nú sýnilegar vissar áherslubreytingar í myndlistarheiminum.

DV-mynd BG

Samtímalist á Kjarvalsstöðum:

Eins konar hversdagsrómantik

„Þetta er samsýning sextán ungra myndlistarmanna og þeir eru allir fæddir á sjöunda áratugnum, þeir yngstu 1970. Flestir hafa farið í framhaldsnám í myndlist erlendis, eða þrettán,“ segir Auður Ólafsdóttir, sýningarstjóri á Kjarvalsstöðum, um sýningu á íslenskrí samtímalist sem verður opnuð þar í vestursalnum á morgun.

„Hugmyndin með þessari sýningu var að gera sýnilegar vissar áherslu-

breytingar í myndlistarheiminum sem hafa verið í gerjun síðastliðin misseri og eru í deiglunni. Fyrir utan það að vera fulltrúar fyrir sjálfa sig, eins og allir listamenn eru, eru þeir kannski líka fulltrúar fyrir ákveðinn tíma,“ segir sýningarstjórnin.

Sýningin á Kjarvalsstöðum ber yfirskriftina Eins konar hversdagsrómantik en eftirtaldir listamenn sýna þar: Birgir Snæbjörn Birgisson, Eygló Harðardóttir, Finnur Arnar-

Arnarsson, Guðbjörg Hjartardóttir Leaman, Gústaf Bollason, Hlynur Helgason, Hulda Hrönn Ágústsdóttir, Lilja Egilsdóttir, Pétur Örn Friðriksson, Ragna Sigurðardóttir, Sigtryggur Bjarni Baldvinsson, Steinunn Helga Sigurðardóttir, Valgerður Guðlaugsdóttir, Victor Guðmundur Cilia, Þorbjörg Þorvaldsdóttir og Þorri Hringsson.


Sýningin stendur til 6. desember og verður opin daglega frá kl. 10-18.

Kjarvalsstaðir: Arkitektinn

Einar Sveinsson

Á morgun verður opnuð í miðrymi og forsölum Kjarvalsstaða yfirlitsýning á verkum Einars Sveinssonar (1906-1973) arkitekts. Hann var ráðinn húsameistari Reykjavíkur 1934 og gegndi því starfi til áviloka. Auk þess að gera uppdrætti að byggingum hafði Einar yfirumsjón með skipulagsmálum Reykjavíkur á árunum 1934-49 og skipulagði ásamt samstarfsmönnum flest bæjarhverfi sem byggðust upp á því tímabili. Hann var einnig merkur brautryðjandi í hönnun íbúðarhúsa og höfðu hugmyndir hans á því sviði víðtæk áhrif á reykvíska húsagerð um og eftir seinni heimsstyrjöld.

Á sýningunni er leitast við að gefa sem gleggsta heildarmynd af starfi Einars með því að beina sjónum að framlagi hans á ólíkum sviðum. Auk ljósmynda og frumteikninga eru á sýningunni allmörg upprunaleg tilögulíkon af byggingum Einars.



Eitt af verkum Ingu Rósu.

Sverrissalur í Hafnarborg: Olíumálverk og blýantsteikningar

Inga Rós Loftsdóttir opnar sýningu á verkum sínum í Sverrissal í Hafnarborg á morgun. Sýningin stendur til 6. nóvember en á henni eru olíumálverk og blýantsteikningar.

Þetta er fjórða einkasýning Ingu Rósu en hún lauk námi frá MHÍ 1987 og stundaði síðan framhaldsnám í Hollandi.



Helga teflir saman leir, málm, textíl og gleri.

Leirlistarsýning Helgu Jóhannesdóttur

Leirlistarkonan Helga Jóhannesdóttir opnar á morgun sýningu á verkum sínum í Stöðlakoti. Þetta er önnur einkasýning hennar en Helga hefur auk þess tekið þátt í fjölda samsýninga.

Yfirskrift sýningarinnar í Stöðlakoti er „Ljós“ en þar teflir Helga saman leir, málm, textíl og gleri. Hún hefur starfað á eigin vinnustofu á Álafossi frá 1991 en þá lauk Helga námi frá MHÍ.

Gallerí Greip:

Mannlausar myndir

Á morgun verður opnuð í Gallerí Greip sýning á verkum Birgis Snæbjarnar Birgissonar.

Birgir hefur í nokkur ár málað frásagnarkenndar myndir af börnum og unglingum en segist í þessum nýjum verkum nálgast upphaf eða núllpunkt frásagnar. Þar er ýmist eitthvað í vendum eða hefur þegar gerst en frásögn af því er ekki hafin. Myndirnar, sem eru mannlausar, eru allar unnar með olíu á striga á þessu ári.

Sýning Birgis stendur til 5. nóvember en hann tekur einnig þátt í samsýningu ungra listamanna sem verður opnuð á Kjarvalsstöðum í dag.

Silkiprykksmyndir í Gerðarsafni

Í Gerðarsafni stendur nú yfir sýning á silkiprykksmyndum eftir Kees Ballintijn, unnum eftir ljósmyndum af íslensku landslagi. Ballintijn sýndi fyrst 1967 en hefur síðan haldið fjölmargar ljósmyndasýningar.

Á sýningunni eru 24 myndir og að auki 6 grafískar landslagsljósmyndir.



Guðjón í Hafnarborg

Guðjón Bjarnason opnar sýningu á verkum sínum í Hafnarborg á morgun. Þetta eru sömu verk og listamaðurinn sýndi í Drammen Kunstforening í Noregi fyrr á árinu.



Uppstillingar Vignis

Um helgina er síðasta sýningarhelgi á verkum Vignis Jóhannssonar í Listasetrinu Kirkjuhvoli á Akranesi. Listamaðurinn sýnir þar skúlptúra (uppstillingar) og málverk.

Sýningar

um yfirlitsýningu á verkum Einars Sveinssonar arkitekts (1906-1973). Sýningin Kjarval-mótunarár 1885-1930 verður opin fram í desember. Kaffistofa og safnverslun opin á sama tíma.

Listasafn Einars Jónssonar Njarðargötu, sími 13797

Safnið er opið laugardaga og sunnudaga kl. 13.30-16. Höggmyndagarðurinn er opin alla daga. Inngangur er frá Freyjugötu.

Listasafn Íslands

Frikirkjuvegi 7

Opið alla daga nema mánudaga kl. 12-18.

Listasafn Kópavogs

Hamraborg 4

Listasafn Kópavogs og Nýlistasafnið hefur nú tekið höndum saman um að efna til sýningar á grafíkverkum eftir þýsk-svissneska listamanninn Dieter Roth. Uppistaðan í sýningunni eru myndir sem Dieter hefur fært Nýlistasafninu að gjöf á undanföllum 13 árum. Sýningin stendur til 29. október.

Listasafn Sigurjóns

Ólafssonar

Laugarnestanga

Sýning á völdum andlitsmyndum eftir Sigurjón Ólafsson, þessir kollóttu steinar, mun standa í allan vetur. Safnið er opið á laugardögum og sunnudögum kl. 14-17. Kasffistofa safnsins er opin á sama tíma.

Listhúsið í Laugardal

Engjateigi 17, sími 680430

Þar stendur yfir myndlistarsýning á verkum eftir Sjöfn Har. Sýningin ber yfirskriftina „Íslensk náttúra, íslenskt landslag.“ Þá sýnir einnig spænski listamaðurinn Antonio Hervás Amezcua málverk og skúlptúra. Sýningin er opin til 30. október. Opið virka daga kl. 13-18 og laugardaga kl. 11-16.

Mokkakaffi

v/Skólavörðustíg

Birgir Schiöth sýnir blýantsportrett af oddvitum íslenskrar myndlistar og stendur sú sýning til 27. október.

Nesstofusafn

Neströð, Seljarnarnesi

Safnið opið á sunnudögum, þriðjudögum, fimmtudögum og laugardögum kl. 13-17.

Norræna húsið

Þar stendur yfir sýning á málverkum eftir Björgu Þorsteinsdóttur. Hún sýnir olíu-, akrýl og vatnslitamyndir, unnar á sl. tveimur árum. Sýningin er opin daglega kl. 14-19 og lýkur 22. október.

Póst- og símaminjasafnið

Austurgötu 11, Hafnarf., sími 54321

Opið sunnud. og þriðjud. kl. 15-18.

Sparisjóður Hafnarfjarðar

Garðatorgi 1

Jóhann G. Jóhannsson sýnir rúmlega 20 myndir, unnar með blandaðri tækni. Sýningin stendur til 26. október.

Þjóðminjasafnið

Opið sunnud., þriðjud. fimmtud. og laugard. kl. 12-17.

Málverkasýning á

Akranesi

Fríðrik Jónsson heldur málverkasýningu í Listahorni Upplýsingamiðstöðvar Ferðamála á Akranesi og stendur sýningin frá 15. október til 31. nóvember. Á sýningunni eru aðallega vatnslitamyndir auk þriggja olíumálverka.

Kirkjuhvoli

Akranesi

Síðasta sýningarhelgi Vignis Jóhannssonar á verkum hans. Vignir sýnir skúlptúra (uppstillingar) og málverk. Opið í dag kl. 16-18 og um helgina kl. 15-18.